

A wide-angle photograph of a rugged coastal landscape. In the foreground, a dark blue sea stack rises from the water. In the middle ground, a large, layered rock formation with a flat top extends into the sea. The sky is filled with soft, white clouds. The overall scene is serene and majestic.

Starfs- áætlun

2024

Verkefni stjórnar



Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri, sé málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga og engu meiriháttar máli megi ráða til lykta án atbeina hennar.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi. Framkvæmdastjóri sendir fundargögn til stjórnar og varastjórnar, kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra framangreindra, annarra landshlutasamtaka og alþingismanna kjördæmisins.

Skipan stjórnar

Stjórn var skipuð á auka ársþingi í júní 2022. Ný stjórn verður kjörin á ársþingi eigi síðar en 30. apríl 2024.

Stjórn skipa:

Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður, Húnabyggð.
Einar E. Einarsson, varaformaður, Skagafirði.
Friðrik Már Friðriksson, Húnaþingi vestra.
Vignir Sveinsson, Skagabyggð.
Jóhanna Ey Harðardóttir, Skagafirði.

Varamenn í stjórn skipa:

Magnús Magnússon Húnaþingi vestra
Regína Valdimarsdóttir Skagafjörður
Álfhildur Leifsdóttir Skagafjörður
Halldór Gunnar Ólafsson Skagaströnd
Auðunn Sigurðsson Húnabyggð

Þing SSNV

Ársþing verður haldið fimmtudaginn **11. apríl 2024** í Austur-Húnavatnssýslu.
Haustþing verður haldið fimmtudaginn **10. október 2024** í Austur-Húnavatnssýslu.

Ársskýrsla & endurskoðun

Vinna við ársskýrslu 2023 hefst í janúar 2024 og lýkur eigi síðar en 11. mars 2024.
Vinna við gerð ársreiknings 2023 hefst í janúar 2024 og á endurskoðaður ársreikningur 2023 að liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2024.



Stjórn SSNV Jóhanna Ey Harðardóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Vignir Sveinsson, Einar E. Einarsson og Friðrik Már Sigurðsson.

Fundir með þátttöku SSNV

Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka

- Vorfundur, daginn fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Sumarfundur landshlutasamtakanna, tveggja daga fundur í júní.
- Haustfundur, í tengslum við fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður og framkvæmdastjóri sitja fundina.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga

- Vorfundur er haldinn af Byggðastofnun í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.
- Haustfundur er haldinn til skiptis á atvinnuþróunarsvæðum. Árið 2024 verður fundurinn haldinn á Austurlandi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið á fundi.

Aðrir fundir

Gert ráð fyrir að formaður og/eða framkvæmdastjóri mæti á eftirtalda fundi:

- Ársfundur Byggðastofnunar.
- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðrir viðburðir

Landshlutasamtökin taka þátt í hinum ýmsu fundum og viðburðum m.a. á vegum sveitarfélaga, annarra landshlutasamtaka, stofnanna og fyrirtækja.

Samtökin koma einnig að skipulagningu viðburða í samstarfi við hagaðila.

Byggðastofnun skipuleggur kynnisferð erlendis fyrir atvinnuþróunarfélög annað hvert ár. Næsta fyrirhugaða ferð verður árið 2025.


Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum og fáðu fréttir af starfinu



ssnordurlandvestra



samtok_nordurlandvestra



Verkefni SSNV

Lykilverkefnum SSNV er skipt í eftirfarandi flokka:

- Sóknaráætlun, og þar undir Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni landshlutans.
- Atvinnuþróun.
- Þing og aðrar skyldur samtakanna.
- Alþjóðleg samstarfsverkefni.
- Önnur verkefni.

Verkefni atvinnuþróunar

SSNV sinnir ráðgjöf á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar, menningarmála til einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem byggir á samningi við Bygðastofnun.

Megin verkþættir samnings eru:

- Atvinnu- og byggðaðróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Upplýsingaöflun, þekkingarmiðlun og samstarf

**Framkvæmdastjóri
SSNV,
Katrín M.
Guðjónsdóttir**

Starfsfólk SSNV veita ráðgjöf við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vöruþróun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. SSNV veitir upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila og leitar samstarfs við stofnanir í stoðkerfi atvinnulífs, fyrirtæki og aðra aðila sem vinna ráðgjafar- og leiðbeiningarstarf í atvinnumálum.

Árlega skila samtökin inn starfsáætlun um störf atvinnuþróunar með mælanlegum markmiðum.



Kannanir

SSNV framkvæmir reglulega kannanir tengdar lykilverkefnum hverju sinni. Mikilvægt er að rýna til gagns upplýsingar og sýn samfélagsins sem við búum í.

Reglulega stendur SSNV fyrir íbúa- og fyrirtækjakönnunum í samstarfi við önnur landshlutasamtök.



Mynd: Skagaströnd.

Verkefni SSNV, framhald

Fjárfestingar

Eitt af áhersluverkefnum landshlutans er að auka fjárfestingar á svæðinu. Unnið er með sveitafélögum í að kortleggja tækifærin og kynna þau innanlands og utanlands fyrir hugsanlegum fjárfestum. Eitt af meginverkefnum í þeirri vegferð að auka fjárfestingar á svæðinu eru vinnustofur með sveitastjórnnum. Afurðin úr þeirri vinnu eru vel skilgreind verkefni sem sveitastjórnir vilja setja í forgang í uppbyggingu atvinnumála. Slíkt samstarf skerpir áherslu og fær alla aðila til að ganga í takt að settu marki.

Einnig hefur SSNV átt frumkvæði að samstarfi við Íslandsstofu og ráðuneyti um vefsvæði sem gerir sveitarfélögum kleift að kynna tækifærin á sínu svæði á einum og sama stað.

Magnús Barðdal,
verkefnisstjóri
fjárfestinga



Ferðamál

Ráðgjafi SSNV á sviði ferðamála sinnir ýmsum verkefnum tengdum greininni á starfssvæðinu, jafnt einstökum fyrirtækjum og sveitarfélögum, sem og allri heildinni. Hann sinnir ýmsum samskiptum við stoðkerfi greinarinnar og kemur að samstarfsverkefnum, jafnt innlendum sem erlendum. Hann vinnur með Fagráði ferðaþjónustunnar, sem í eiga sæti formenn ferðamálafélaganna á NV og fulltrúi SSNV. Fagráðið hittist að jafnaði fimm til sex sinnum á ári og stendur að auki að árlegum viðburði „Haustdagur ferðaþjónustunnar“ þar sem ferðaþjónustuaðilar koma saman og fara yfir mál, sem eru mikilvæg hverju sinni.

Davíð Jóhannsson,
ráðgjafi með
áherslu
á ferðamál



Umhverfismál

Umhverfismálin eru einn af lykilmálaflokkum núgildandi sóknaráætlunar SSNV. Undanfarið hafa bæði lagalegar og samfélagslegar kröfur verið að aukast á fyrirtæki og sveitarfélög í þessum málaflokki. Við leggjum okkar að mörkum að styðja við sveitarfélögin og atvinnulífið að mæta þessum kröfum. Fram undan eru verkefni sem eins og Græn skref á Norðurlandi vestra, vinnustofur við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir sveitarfélögin, örráðstefna um umhverfismál, vinnustofa fyrir frumkvöðla o.fl. Markmið okkar er að efla umhverfisvitund og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá landshlutanum.

**Ólöf Lovísa
Jóhannsdóttir,**
ráðgjafi með
áherslu
á umhverfismál og
nýsköpun



Verkefni SSNV, framhald

Erlend samstarfsverkefni

SSNV hefur farið mikinn þegar kemur að erlendum samstarfsverkefnum en samtökin eru aðili að fjórum alþjóðlegum verkefnum. Öll verkefni eiga það sameiginlegt að snúa á einn eða annan hátt að atvinnuþróun á svæðinu.

Samtökin eru jafnframt aðili að fimmta verkefninu sem sótti um fjármögnun í Norðurslóðaáætlun á vormánuðum og mun koma í ljós á næstu mánuðum hvort að verkefnið hljóti brautargengi.

Með þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum sækja samtökin í fjármagn í erlenda uppbyggingarsjóði til að stuðla að atvinnuþróun og uppbyggingu á svæðinu.




**Verkefnisstjóri
Tourbit og SUB,
Davíð
Jóhannsson
atvinnuráðgjafi**

Tourbit

SSNV er samstarfsaðili Íslenska ferðaklasans í TOURBIT Evrópuverkefninu, sem að koma alls sjö aðilar frá sex löndum. Verkefnið miðar að því að efla seiglu og samkeppnishæfni lítilla og meðalstórra ferðapjónustufyrirtækja í ferðapjónustu með því að efla hæfni þeirra þegar kemur að nýsköpun með aukinni notkun stafrænna lausna. Í verkefninu er unnið að því að leiða lítil og meðalstór ferðapjónustu fyrirtæki saman við þær lausnir, sem kunna að vera á markaði og nýtast þeirra áskorunum. Á þessum nótum hafa farið fram kynningar og fyrirlestrar á netinu auk þess, sem verkefnið hefur veitt styrki í stafræna vegferð ákveðins fjölda fyrirtækja í hverju þátttökulandi.

Davíð Jóhannsson, ráðgjafi á sviði ferðamála, er verkefnisstjóri SSNV við verkefnið, sem lýkur á árinu 2024.



Mynd: Bergárfoss í Víðidal

Verkefni SSNV, framhald

SUB

Sustainable Arctic and Peripheral Biking Tourism hefur að markmiði að yfirfæra og þróa frumkvöðlamenningu og sjálfbært viðskiptamódel í hjólreiðaferðamennsku í samstarfi við lítil og millistór fyrirtæki. Verkefnisaðilar sjá hjólreiðaferðamennsku sem vaxandi þátt sem geti aukið efnahagslega fjölbreytni og þar með seiglu smærri samfélaga. Vöxtur staðbundinna smærri og meðalstórra fyrirtækja séu lykilþáttur í vexti og auknum atvinnutækifærum. Sérstök áhersla er á að ná til yngra fólks í verkefninu.



**Verkefnisstjóri
GLOW og Target
Circular,**
Sveinbjörg Rut
Pétursdóttir
atvinnuráðgjafi

GLOW

Green energy technologies for tourism growth (GLOW) er samstarfsverkefni finnskra, írskra, norskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að beita „grænu viðskiptamódeli“ í tilraunaverkefni um hvernig megi þróa sjálfbæran rekstur í litlum og meðalstórum fyrirtækjum með áherslu á þau sem nýta myrkrið og næturhimininn á norðurslóðum, s.s. Norðurljósinn, í starfsemi sinni. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknum ferðamannastraumi yfir dimma vetrarmánuði með því m.a. að nýta stafræna tækni og þróa forrit/viðmót til að kynna næturhimininn. Þetta tvennt verður samþætt inn í núverandi ferðaþjónustuframboð þátttakenda í verkefninu sem gefur þeim tækifæri á að ná inn á nýja markaði.

Mynd: Skíðasvæði Tindastól



Verkefni SSNV, framhald

Target Circular

Supporting Sustainable SMEs to Success (Target Circular) er samstarfsverkefni írskra, norskra, finnskra, sænskra og íslenskra aðila sem snýst um að styrkja rekstrarforsendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem vilja leggja áherslu á sjálfbærni, nýta tækifæri til eflingar á stoðþjónustu við þau og nýta nýjustu þekkingu til að fjölga störfum og stuðla að vexti og samkeppnishæfni þeirra. Verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun og er ætlað m.a. að þjálfa frumkvöðla og/eða fyrirtæki í að hugsa vörur sínar og þjónustu eins og vísindamenn; að leggja fram tilgátu og prófa áður en farið er af stað. Það gefur þeim tækifæri á að lágmarka áhættu fjárfestinga.

Samstarfsaðilar ætla að þróa efni sem gerir fundi með atvinnuráðgjöfum markvissari og árangursríkari. Verkefnið mun einnig snerta á hvernig og hvaða deililausnir lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt sér, t.d. að vera með sameiginlegan markaðssérfræðing.



Norðanátt

Norðanátt er samstarfsverkefni SSNV, SSNE og Eims með stuðning frá Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytinu. Norðanátt er hreyfiafl nýsköpunar á Norðurlandi. Markmið verkefnisins er að auka fjárfestingar á svæðinu og skapa kraftmikið umhverfi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki sem vinna að nýsköpun með áherslu á loftslagsmál og hringrásarhagkerfið.

Haustið 2023 hófst þriðja hringrás Norðanáttar. Hringrásin snýr að því að hjálpa frumkvöðlum frá fyrstu stigum hugmyndar yfir í leit að fjárfestum. Hringrásin samanstendur af viðskiptahraðlinum Startup Storm, hugmyndasamkeppninni, Norðansprotanum og Fjárfestahátíð á Siglufirði í lok mars.



Samgöngu- og innviðanefnd SSNV

Hlutverk samgöngu- og innviðanefndar er að endurskoða gildandi samgöngu- og innviðaáætlun frá árinu 2022. Skipaðir fulltrúar eru frá öllum sveitarfélögum á starfssvæði SSNV sem starfa náið með framkvæmdastjóra SSNV.

Markmið verkefnisins er að hluta að greina vegaframkvæmdir eða samgöngukosti sem varða starfssvæði SSNV til framtíðar þannig að unnt sé að forgangsraða þessum kostum kerfisbundið, með hag almennings, atvinnu- og efnahagslíf landshlutans í huga.

Verkefni Sóknaráætlunar

Sóknaráætlun Norðurlands vestra gildir fyrir árin 2020-2024. Markmið Sóknaráætlunar eru að:

- Ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.
- Treysta stoðir menningar.
- Auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls.
- Einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Framlög til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2024

Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 116 millj. kr. tekjum frá ríkissjóði vegna sóknaráætlunar. Ásamt 6,2 m.kr. úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Skipting framlaga til Sóknaráætlunar

- 70 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni,
- 34,7 milljón í áhersluverkefni og
- 12 milljónum í rekstur Sóknaráætlunar.

Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í fernt:

- Gerð Sóknaráætlunar landshlutans.
- Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði.
- Val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra,
- Umsjón með sérstökum viðaukasamningum við sóknaráætlun, einkum í tengslum við verkefni Byggðaaætlunar.



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA



Mynd: Selasetur Íslands, Húnaþing vestra.

Verkefni Sóknaráætlunar, framhald

Samráðsvettvangur

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang með sem breiðastri aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Með nýjum samningi um sóknaráætlanir fyrir árin 2020-2024 verður samráðsvettvangurinn rafrænn. Í vinnuferli við gerð nýrrar sóknaráætlunar á árinu 2019 gátu áhugasamir skráð sig á vettvanginn auk þess sem þátttakendur á fundum tengdum vinnunni voru skráðir á samráðsvettvanginn. Hann skipa nú um 100 manns.

Skv. nýjum samningi um sóknaráætlun skulu samtökin setja sér samskiptaáætlun sem endurskoðuð er árlega. Þar skal m.a. koma fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum.

Upplýsingagjöf

Samkvæmt samningi skal SSNV skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihóps Stjórnarráðsins. Á árinu 2024 skal því skila greinargerð fyrir árið 2023 og skal það vera fyrir 1. febrúar 2024.

Einnig skulu samtökin skila greinargerð árlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérstakra framlaga sjóðsins til framkvæmdar sóknaráætlunar.

Mynd: Kvennaskólinn, Húnabyggð.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



Uppbyggingarsjóður

Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn skiptist í tvo hluta, menningarmál og atvinnuþróun og nýsköpun.

Menningarhlutinn skiptist í stofn- og rekstrarstyrki annarsvegar og verkefnastyrki hinsvegar. Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að úthluta 36 milljónum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og að 34 milljónum verði varið til atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Umsóknarferlið hófst 26. september 2023 með umsóknarfresti til 1. nóvember og verður úthlutun lokið fyrir árslok 2023.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Uppbyggingarsjóðs.

Starfsmaður Uppbyggingarsjóðs er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, atvinnuráðgjafi.

Framúrskarandi verkefni

Árlega eru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar. Viðurkenningu á árinu 2022 hlutu Austan Vatna og Ós Textílmíðstöð. Kallað verður eftir tilnefningum íbúa í landshlutanum í lok árs og viðurkenningin veitt á úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs sem haldin verður í upphafi árs 2023.

Næsta úthlutun Uppbyggingarsjóðs

- Umsóknarfrestur til 1. nóvember 2023.
- Umsóknnum skal skilað á rafrænni umsóknargátt af vefsíðu SSNV.
- Á vef SSNV er að finna myndband með leiðbeiningum um umsóknargáttina.
- Starfsmenn SSNV aðstoða við gerð umsókna.
- Nánari upplýsingar á vef SSNV.



Mynd: Elsa Arnardóttir veitir viðtöku viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á sviði menningar árið 2022

Uppbyggingarsjóður, framhald

Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á úthlutunum úr sjóðnum og leggur fram niðurstöður sínar að fengnum tillögum fagráðs menningar og fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar. Úthlutunarnefnd er skipuð til tveggja ára á haustþingi SSNV, í október 2022.

Úthlutunarnefnd skipa formenn fagráðs atvinnu- og nýsköpunar og fagráðs menningar auk formanns úthlutunarnefndar sem kosinn er á haustþingi SSNV í október 2022.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fagráðið er skipað til tveggja ára á haustþingi í október 2022. Starfsmaður fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.

Fagráð menningar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á haustþingi í október 2022. Starfsmaður fagráðs menningar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.

Könnun meðal styrkþega/umsækjenda

Að liðnum umsóknarfresti Uppbyggingarsjóðs verður gerð könnun meðal umsækjenda um umsóknarferlið; hvað gengur vel og hvað má bæta. Könnunin er gerð til að fá vísbendingar um eftirfylgni og þjónustu starfsmanna við styrkþega.



Mynd: Kálfshamarsvík.



Áhersluverkefni


Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangursmælikvarða.

Hér til hliðar má sjá áhersluverkefni áráanna 2022-2023. Einhverjum verkefnum er lokið og öðrum stendur til að ljúka í byrjun næsta árs. Starfsfólk SSNV vinnur nú að því að móta ný áhersluverkefni fyrir árið 2024 í samstarfi við stjórn samtakanna.

Hægt er að lesa [nánar](#) um einstök áhersluverkefni á vef SSNV.

Áhersluverkefni 2022-2023

- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra.
- Matvælasvæðið Norðurland vestra.
- Stuðningsáttak í ferðaþjónustu.
- Aukin nýsköpun í kennslu - FabLab.
- Landshluti í forystu í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum.
- Stuðningur við nýsköpun.
- Barnamenningarhátíð.
- Skrifstofusetur.
- Fjölmeningarkaffi.
- Erlend samstarfsverkefni.
- Textíl Lab á Blönduósi.



Verðum í sambandi!

HEYRÐU Í OKKUR!



KATRÍN M. GUÐJÓNSDÓTTIR
katrín@ssnv.is



MAGNÚS BARÐDAL
magnusb@ssnv.is



ÓLÖF LOVÍSA JÓHANNSDÓTTIR
olof@ssnv.is



DAVÍÐ JÓHANNSON
david@ssnv.is



MATTHÍAS RÚNARSSON
matti@ssnv.is



SVEINBJÖRG RUT PÉTURSDÓTTIR
sveinbjorg@ssnv.is